


Reykjanesbær  
Guðlaugur H. Sigurjónsson,  
framkvæmdastjóri  
Tjarnargötu 12  
230 Keflavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. apríl 2009  
Tilvísun: UST20090400005/ksj

## Fyrirspurnir varðandi tillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar er barst Umhverfisstofnun þann 1. apríl sl. þar sem óskað er eftir álti Umhverfisstofnunar varðandi stækkun iðnaðarsvæðis á Reykjanesi. Í drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi Reykjanesbæjar er áætlað að svæðið stækki úr 120 ha í 540 ha. Í sama erindi er óskað eftir álti stofnunarinnar á breyttri og endurskoðaðri hávaðalínu vegna flugumferðar sem Línuhönnun hefur reiknað út, einnig er óskað eftir frumskjölum um svæði á Reykjanesi sem eru á Náttúruminjaskrá og um þær breytingar sem urðu á skránni árið 1966.

Tillögur að stækkun iðnaðarsvæðis á Reykjanesi eru þær Reykjanesbær leggur til að iðnaðarsvæði á Reykjanesi verði stækkað úr 120 ha í 540 ha.

Forsendur fyrir stækkun iðnaðar/orkuvinnslusvæðis eru taldar eftirfarandi:

- 1) *Að dreifa vinnsluholum yfir stærra svæði.*
- 2) *Að jarðhiti í grennd Stampareinar gæti reynst mikill, en það hefur ekki verið kannað með fullnægjandi hætti.*
- 3) *Niðurdæling jarðhitavökva er œskileg til að stuðla að meira jafnvægi í jarðhitakerfinu og takmarkar þrýstingslækkun en má ekki vera staðsett of nálægt vinnsluholum.*
- 4) *Vinnsla harðhitans krefst mikils kælisjávar og við ströndina eru gjöful sjótökusvæði.*
- 5) *Starfsemi tengd auðlindagarði þarf gott aðgengi að grunnvatni.*
- 6) *Gerðar verði tilraunir með borun djúphola til vinnslu djúpvökva með yfirmarkshitastig á Reykjanesi og leita þarf heppilegrar staðsetningar fyrir slika borun.*
- 7) *Í áætlun Hitaveitu Suðurnesja er lögð áhersla á heildræna hugsun við auðlindanýtingu sem kollar á stærra athafnasvæði.*

Umhverfisstofnun bendir á að Reykjanesvirkjun er á svæði sem er nr. 106 á náttúruminjaskrá, og um svæðið segir í skránni *"Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ, (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu.* (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er

*framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gigaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmögum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar".*

Einnig er svæðið í heild sinni alls 113,1 km<sup>2</sup> á náttúruverndaráætlun 2004 - 2008 en friðlysing svæðisins hefur ekki náð fram að ganga. Í náttúruverndaráætluninni kemur fram að á svæðinu er stórbrotin jarðfræði, meðal annars gigaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjarbunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Einnig kemur fram að óvíða annars staðar en á Reykjanestá má sjá eins glögg merki gliðnunar Mið-Atlantshafshryggjarins og að þar eru hverasvæði með fjölskrúðugum hveragróðri og volg sjávartjörn. Í náttúruverndaráætlun kemur einnig fram í umfjöllun um röskun á svæðinu að vanda þurfi allar framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar virkjunar til þess að koma í veg fyrir óþarfa skemmdir á svo merkum jarðminjum sem þarna eru.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur nýtingu á jarðhita á Reykjanesi fylgt mikið rask á eldhrauni og hverum, sem eru verndaðar náttúruminjar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og eru á náttúruminjaskrá. Það hefur orðið mikil breyting í virkni Gunnuhvers, sem má rekja til myndunar gufupúða vegna reksturs Reykjanesvirkjunar. Hverasvæðið er orðið mun stærra og virkara en áður. Gráa lónið er orðið til vegna affalsvatns frá framkvæmdum við nýtingu svæðisins. Einnig eru margar byggingar í niðurníðslu á svæðinu eftir fyrri iðnaðarstarfsemi sem eru til mikillar lýti. Sumar þessara breytinga á umhverfi svæðisins vegna iðnaðarframkvæmda voru ekki fyrirsjáanlegar. Því telur Umhverfisstofnum mikilvægt að ekki sé farið of geyst af stað í framhaldsnýtingu svæðisins og að með því að stækka iðnaðarsvæðið fjórfalt í einu skrefi sé gengið óþarflega hratt á mikilvæg náttúruminjasvæði. Umhverfisstofnun er því mótfallin umræddri stækkan enda er að finna á svæðinu merkar náttúruminjar sem mikilvægt er að varðveita.


Í ofangreindu erindi til Umhverfisstofnunar eru tilteknar takmarkanir taldar upp sem settar yrðu á landnotkun innan væntanlegs iðnaðarsvæðis ef af stækkanum þess yrði. Þessar takmarkanir væru þær að reynt yrði að draga úr röskun hrauna, gufuhvera, gíga og eldvarpa eins og kostur væri. Að mati Umhverfisstofnunar er mikil hætta á að slik markmið yrðu halldlítil ef öllu svæðinu sem tillagan nær yfir yrði breytt í iðnaðarsvæði. Í umfjöllun um takmarkanir kemur einnig fram að: "Uppbygging mannvirkja verði innan þess svæðis sem nú er skilgreint sem iðnaðarsvæði en ekki dreift um stækkað iðnaðarsvæði". Umhverfisstofnun tekur undir þetta markmið, og mælir með að reynt verði að takmarka iðnaðarsvæðið sem mest og láta það aðeins ná í kringum þær borholur og lagnir sem gert er ráð fyrir að framkvæma.


Varðandi álit Umhverfisstofnunar á viðmiðunarmörkum um hávaða frá flugumferð þegar starfandi flugvalla sem koma fram í reglugerð nr. 724/2008 og nýrri hávaðalínu flugumferðar Keflavíkurflugvallar, hefur stofnunin þegar gefið svar í umsögn dagsett 30. mars 2009, um breytingar á svæðisskipulagi Reykjaness og er umsögnin send með svari þessu sem fylgiskjal.

Að lokum er í erindinu ósk Reykjanesbæjar um að fá öll frumskjöl er varða svæði á Reykjanesi sem eru skráð á Náttúruminjaskrá, bæði þau gögn sem til eru um upphaflega skráningu og þær breytingar sem urðu á skránni árið 1996. Umhverfisstofnun bendir á að mörg þeirra gagna sem óskað er eftir og hér fylgja með, eru komin nokkuð til ára sinna. Ef sagan er skoðuð þá var fyrsta Náttúruverndarþingið haldið árið 1971, en það voru þing sem voru haldin 3ja hvert ár og sótt af náttúruverndarnefndum/ráðum og náttúruverndarsamtökum landshlutanna.

Tillaga um að svæði væri sett á náttúruminjaskrá sem yfirleitt kom úr héraði, var tekin upp í náttúruverndarráði. Þaðan var tillagan sett í nefnd sem undirbjó málið fyrir mánaðarlegan ráðsfund. Drög að náttúruminjaskrá voru síðan kynnt á náttúruverndarþingi og þar var samþykkt að setja viðkomandi svæði inn á náttúruminjaskrá. Fyrsta náttúruminjaskráin kom 1971. Síðar breyttust lögin, ríkið fær forkaupsrétt á svæðum á náttúruminjaskrá og það verður skylda að fá umsögn frá Umhverfisstofnun ef framkvæma á á svæðinu. Meðfylgjandi eru gögn um þau svæði sem getið er um í erindinu og feril þeirra.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

fylgiskjal: Bréf Umhverfisstofnunar dagsett 30. mars 2009

Skipulagsstofnun

VSÓ

Kanon arkitektar